



Borgarráð  
Ráðhúsi

101 REYKJAVÍK

***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um verklag um meðferð umsókna í Arnarskóla 2020-2021 – R21010176***

Á fundi borgarráðs þann 21. janúar 2021 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Lögð er fram í borgarráði tillaga meirihluta skóla- og frístundasviðs um að samþykkt verði verklag og ákvörðun um greiðslu framlags til sjálfstætt rekna sérskólans Arnarskóla. Fyrir voru til eldri reglur. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að sjá þær reglur og að dregið sé fram hverju nákvæmlega er verið að breyta? Á hverju er verið að skerpa?*

**Svar:**

*Samþykktir skóla- og frístundaráðs og borgarráðs*

Á 148. fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. nóvember 2018 var samþykkt verklag vegna umsókna foreldra reykvískra nemenda í sjálfstætt rekna sérskólann Arnarskóla vegna skólaársins 2019 - 2020. Þann 10. janúar 2019 samþykkti borgarráð tillöguna.

Á 163. fundi skóla- og frístundaráðs var lagt fram til upplýsinga minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. júní 2019, varðandi ákvörðun um fjölda nemenda sem greitt er framlag vegna til Arnarskóla.

Á fundi borgarráðs þann 18. júlí 2019 var skóla- og frístundasviði heimilað að gera samning við Arnarskóla vegna umsókna fjögurra foreldra reykvískra nemenda um skólagöngu í Arnarskóla skólaárið 2019-2020.


Á 181. fundi skóla- og frístundaráðs þann 10. mars 2020 og í borgarráði þann 26. mars 2020 var skóla- og frístundasviði heimilað að gera samning við Arnarskóla um framlag vegna fjögurra reykvískra nemenda sem nú þegar eru í Arnarskóla um skólavist þeirra skólaárið 2020-2021.

Í borgarráði þann 2. júlí 2020 var samþykkt að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna í Arnarskóla skólaárið 2020-2021 verði sex nemendur.

Á minnisblaði sem lagt var fram og samþykkt í borgarráði þann 10. janúar 2019 má sjá eldri

reglur um inntöku í Arnarskóla. Tilgangur endurskoðunar verklagsreglna var fyrst og fremst að skýra og skerpa á ferli umsóknar og þá ekki síst því sem snýr að foreldrum.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Helgi Grímsson', with a long horizontal flourish extending to the right.

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs